

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Vertu með! Aukin þátttaka barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi.

Nafn styrkþega: Ungmennafélag Íslands

Útdráttur: UMFÍ og ÍSí hafa unnið saman að því að fjölga börnum og ungmennum af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi. Samtökin hafa gefið út bæklinginn Vertu með! sem inniheldur hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþróttá- og ungmennafélaga landsins á níu tungumálum, þ.e. íslensku, ensku, pólsku, litháísku, tælensku, filippseysku, arabísku, víetnömsku og spænsku. Markhópur efnisins eru foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna. Í efninu er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþróttá- og ungmennafélaga landsins. Sem dæmi má nefna kosti þess að hreyfa sig, upplýsingar um æfingagjöld og frístundastyrki og mikilvægi þátttöku foreldra svo dæmi séu nefnd. Átak var unnið í því að kynna efnið vel fyrir þjónustumiðstöðvum í Reykjavík og afhenda þeim útprentuð eintök til dreifingar. Að auki veittu samtökin fjóra hvatningarstyrki til félaga til þess að fara af stað með átaksverkefni á sínu heimasvæði til þess að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna. Til stendur að boða til málþings 25. maí nk. þar sem félögin deila reynslu sinni með öðrum. Á málþinginu verður jafnframt frumsýnt myndband sem sýnir framboð af ólíkum íþróttagreinum á Íslandi með hvatningarorðum um hvort þitt barn sé búið að finna sína íþrótt. Myndbandið verður aðgengilegt á íslensku, ensku og pólsku. UMFÍ og ÍSí eiga það sameiginlegt að vinna að hagsmunamálum barna og ungmenna í íþróttá- og æskulýðsstarfi og stuðla að heilbrigðum, uppbyggjandi, vönduðum og öruggum aðstæðum í slíku starfi. Áhersla er á þátttöku og aðgengi fyrir börn og ungmenni án þess að húðlitur, uppruni, trú eða tungumálaörðugleikar skipti þar máli.

Name of the project: Vertu með! Increased participation of children and young people of foreign origin in organized sports and youth activities.

Name of grantee: Ungmennafélag Íslands

Project description: UMFÍ and ÍSí have worked together to increase the number of children and young people of foreign origin in organized sports and youth activities. The organization has published the brochure Vertu með! which contains practical information about the activities of

the country's sports and youth associations in nine languages, i.e., Icelandic, English, Polish, Lithuanian, Thai, Filipino, Arabic, Vietnamese, and Spanish. The target group of the material is parents of children and young people of foreign origin. The material contains practical information about the activities of the country's sports and youth associations. For example, the benefits of exercising, information on exercise fees and the importance of parental involvement. Efforts were made to present the material well to service centers in Reykjavík and deliver printed copies to them for distribution. In addition, the organization awarded four incentive grants to members to start an initiative in their home area to increase the participation of children and youth of foreign origin. A forum is scheduled to be held on May 25. where the associations share their experiences with others. At the forum, a video will also be premiered showing the availability of different sports in Iceland with words of encouragement about whether your child has found his sport. The video will be available in Icelandic, English and Polish. UMFÍ and ÍSÍ have in common to work on the matters of interests of children and young people in sports and youth work and promote healthy, constructive, quality, and safe conditions in such work. The focus is on participation and accessibility for children and young people, regardless of skin color, origin, religion, or language difficulties.